

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/320
komudagur 6/12 1995

Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. desember 1995
SRP/kdk

Á fundi höfundaréttarnefndar í dag var gerð eftirfarandi samþykkt:

Að gefnu tilefni vill höfundaréttarnefnd áréttta fyrri samþykkt sína um að frumvarp til laga um breyting á höfundalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, verði samþykkt óbreytt. Telur nefndin að hugmyndir sem fram hafa komið um einstaklingsbundna innheimtu, að því er varðar rétt listflytjenda, sé óraunhæf enda tíðkast hún hvergi. Á Íslandi annast samtök listflytjenda SFH þessa innheimtu, í Danmörku GRAMEX, í Svíþjóð SAMI og í Finnlandi GRAMEX. Í öðrum Evrópulöndum er um sömu tilhögun að ræða.

Telur höfundaréttarnefnd að sú tilhögun innheimtu sem fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir og sem tíðkast hefur, sbr. það sem að framan greinir, sé nauðsynleg forsenda þess, að unnt sé að koma böndum á réttarframkvæmdina. Reynslan sýnir að einstaklingsbundin innheimta þjónar ekki hagsmunum listflytjenda.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd höfundaréttarnefndar



Sigurður Reynir Pétursson,
formaður